

MANNAUÐSSTEFNA ÚRVINNSLUSJÓÐS

Úrvinnslusjóður gegnir lykilhlutverki í hringrásarhagkerfinu með sköpun hagrænna hvata þar sem áhersla er lögð á verðmætasköpun og umbreytingu úrgangs í hráefni. Úrvinnslusjóður ber ábyrgð á að töluleg markmið á landsvísu um söfnun, endurnotkun, endurvinnslu, endurnýtingu og förgun skilgreindra vörflokka náist. Þar af leiðandi er mikilvægt að starfsfólk sjóðsins búi yfir hæfni, þekkingu og drifkrafti til að láta verkin tala ásamt getu og vilja til sinna krefjandi verkefnum.

RÁÐNINGAR

Við höfum það að markmiði að ráða til starfa einstaklinga sem sýna frumkvæði, sjálfstæði og framúrskarandi samskiptahæfni í sínum störfum. Unnið er eftir faglegu ráðningarferli þar sem störf eru almennt ókyngreind og hæfniskröfur eru skilgreindar út frá starfagreiningum. Við tökum vel á móti nýju fólki og leggjum áherslu á að unnið sé samkvæmt skipulagðri móttökuáætlun.

STARFSKJÖR

Áhersla er lögð á að starfsfólk Úrvinnslusjóðs búi við samkeppnishæft starfskjaraumhverfi og að fyllsta jafnréttis sé gætt. Allt starfsfólk Úrvinnslusjóðs á rétt á samgöngustyrk nýti það sér vistvæna samgöngumáta til og frá vinnustað t.d. reiðhjól eða almenningssamgöngur.

HEILSA OG LÍÐAN

Leitast er við að skapa öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem hefur jákvæða áhrif á andlega og líkamlega heilsu.

JAFNRÉTTI OG FJÖLBREYTILEIKI

Við komum fram af virðingu við hvort annað og sýnum ekki óréttmæta eða móðgandi framkomu. Fullt jafnrétti ríkir hjá Úrvinnslusjóði. Unnið er samkvæmt jafnréttisstefnu Úrvinnslusjóðs og stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi.

SAMSKIPTI OG ENDURGJÖF

Við veitum hvert öðru hvatningu og endurgjöf til að styðja við starfsánægju og árangur í starfi. Lögð er áhersla á jákvæð uppbyggileg samskipti og virðingu fyrir hvert öðru. Við getum leitað hvert til annars og fengið stuðning frá samstarfsfólki og yfirmönnum. Markviss endurgjöf er mikilvægur þáttur í þeim samskiptum. Árlega fara fram samtöl milli stjórnenda og starfsfólks á samræmdu formi.

STARFSÞRÓUN

Við sköpum starfsumhverfi þar sem leitast er við að veita starfsfólki tækifæri til að þróast í starfi til að gera það í stakk búið til að takast á við viðfangsefni sem starfinu fylgja og geti mætt breytilegum kröfum og áskorunum.

STARFSLOK

Við veitum starfsfólki sem er að ljúka starfsferli sínum stuðning og leggjum áherslu á sveigjanleika við starfslok. Öllu starfsfólki 60 ára og eldra er boðið að sækja fræðslu vegna starfsloka.

Samþykkt af stjórn Úrvinnslusjóðs 11. mars 2024